

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

## 1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Gjald fyrir blandaðan heimilisúrgang:

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
A.1	120 l spartunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	18.400
A.2	120 l spartunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	23.800
A.3	240 l grá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	29.100
A.4	240 l grá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	36.200
A.5	660 l ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	80.025
A.6	660 l ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	99.550
		<i>kr./losun</i>
A.7	3 m <sup>3</sup> gámur	16.400
A.8	4 m <sup>3</sup> gámur	19.800
A.9	5 m <sup>3</sup> gámur	23.150

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, pappirsefni:

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
B.1	240 l blá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	11.400
B.2	240 l blá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	16.100
B.3	660 l blátt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	31.350
B.4	660 l blátt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	44.275
		<i>kr./losun</i>
B.5	3 m <sup>3</sup> gámur	9.100
B.6	4 m <sup>3</sup> gámur	10.050
B.7	5 m <sup>3</sup> gámur	11.000

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, plastefni:

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
C.1	240 l græn tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	10.500
C.2	240 l græn tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	15.200

C.3	660 l grænt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	28.875
C.4	660 l grænt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	41.800
		<i>kr./losun</i>
C.5	3 m <sup>3</sup> gámur	6.650
C.6	4 m <sup>3</sup> gámur	6.800
C.7	5 m <sup>3</sup> gámur	6.900

Gjaldi fyrir tunnur og ker er ætlað að standa undir kostnaði við ílát, hirðu og förgun úrgangs. Gjaldi fyrir gáma er ætlað að standa undir kostnaði við hirðu og förgun.

*Aðrir gjaldaliðir.*

Merkfir pokar fyrir tilfallandi umfram blandaðan úrgang: 1.090 kr./stk.

Gjald fyrir aukalosun: 4.300 kr./ferð auk 1.400 kr./ílát sem losað er.

Gjald fyrir aukalosun djúpgáma er skv. losunargjaldi djúpgáma hér að framan.

Gjald vegna reksturs grenndar- og endurvinnslustöðva: 14.960 kr./íbúð. Gjaldi vegna grenndar- og endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri grenndar- og endurvinnslustöðva Sorpu bs.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu, akstur og skráning íláta, er 3.400 kr. fyrir hvert sinn sem óskað er breytinga.

3. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

4. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjaldskráin er samin og samþykkt af borgarráði Reykjavíkurborgar með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavíkurborg nr. 1237/2018.

*Borgarstjórnin í Reykjavík, 9. desember 2020.*

**Dagur B. Eggertsson.**